

Þórutóftir á Laugafellsöræfum

Fornleifarannsókn 2005



Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS300-05281

Reykjavík 2006

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is


Forsíðumyndin er af hreinsun sniðsins 14. júlí 2005, horft í austur.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Aðstæður og staðsetning	5
Rannsóknasaga	6
Þórutóftir og nánasta umhverfi þeirra	11
Uppgröftur	12
Niðurstöður.....	16
Heimildir	17
Viðauki. Þórutóftir: Gjóskulagagreining	18

Inngangur

Þær fornleifar sem næstar eru miðju Íslands eru án efa í Laugafellsöræfum, skammt norður af Hofsjökli. Þar hefur lengi verið bent á ýmsar minjar sem taldar hafa verið frá miðöldum og fengu Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson fornleifafræðingar styrk frá Fornleifasjóði til að gera könnunarskurð í svokallaðar Þórutóftir sumarið 2005. Orri hafði skoðað minjarnar sumarið 1996, en á grundvelli þeirrar könnunar var talið að rannsókn á þeim gæti varpað ljósi á nýtingarsögu hálandisins, en jafnframt var talið að rústin gæti verið í hættu vegna ágangs ferðamanna og uppblásturs og því nauðsynlegt að kanna ástand hennar og gera tillögur um úrbætur eða aðgerðir. Á þeim árum sem liðu á milli forkönnunar og rannsóknar hefur gróður hinsvegar unnið mikið á í Laugafelli enda er þar unnið ötullega að landgræðslu.



Sótt var um styrk til að grafa skurð í þá hlið tóftarinnar sem hefur orðið uppblæstri að bráð, til að meta þá hættu sem tóftin er í, leggja mat á aldur hennar og mögulegt hlutverk.

Uppgröftur á Þórutóftum fór fram dagana 14.-16. júlí. Að uppgrefti unnu auk Elínar Óskar Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinssonar Uggi Ævarsson og Gavin Lucas. Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur greindi gjóskusýni úr uppgreftinum.

Staðsetning Laugafells og Þórutófta

Aðstæður og staðsetning

Þórutóftir (65°01.513N 18°19.996V) eru við Laugafell á hálendinu, á mörkum Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu og er misjafnt til hvorrar sýslunnar svæðið hefur talist. Það er á vatnasviði Skagafjarðar en hefur verið upprekstrarland Eyfirðinga. Hálendisvegurinn upp úr botni Eyjafjarðar liggur til suðurs og því næst suðvesturs og áður en komið er að Laugafelli liggur hann um svonefnd Lambalækjardrög. Nú á tímum er Laugafell eins konar vin í eyðimörkinni þar sem gróður þrífst vegna jarðhita og hafa verið byggðir skálar á vegum Ferðafélaga og annarra félagasamtaka auk þess sem þar hefur verið útbúin heit laug fyrir ferðamenn.

Þó staðurinn sé kallaður Laugafell er hann í raun dalverpi sem er afmarkað af sjálfu Laugafelli (892 m.y.s.) og Laugafellshnjúki (987 m.y.s.) að sunnan og suðaustan, af Lambalækjardrögum að austan en af ónefndum hnjúki



Laugafell, horft til suðvesturs

(839 m háum) að vestan. Að norðan, eða NNV er hins vegar meira láglendi að Bungulæk og áfram í átt að efstu drögum Austurdals í Skagafirði. Í botni þessa dalverpis er Laugakvísl sem á upptök sín talsvert sunnar í svökölluðum Háuöldum.

Rannsóknasaga

Elstu heimildir um Laugafell eru frá upphafi 19. aldar en þeim ber saman um að telja að þar hafi landkostum hnignað mjög frá fyrri öldum. Ýmiskonar sagnir hafa verið á kreiki um mannaferðir í Laugafelli á fyrri öldum en víst er að slíkar ferðir jukust þangað mjög á 19. öld. Það voru einkum gangnamenn, en sauðfé Íslendinga fjölgaði mjög á 19. öld og fylgdi því að fé var rekið lengra upp á hálendið og smölun þess varð umfangsmeiri en hafði verið áður. Einnig jukust ferðir um hálendið almennt á 19. öld og staðir eins og Laugafell, með jarðhita og smávegis haglendi, urðu sjálfsagðir viðkomustaðir. Um þessi auknu umsvif eru dálítill




Þórunnarlaug sumarið 2005, úr suðri.

ummerki í Laugafelli, m.a. leitarmannakofi (sem nú er horfinn), tjaldstaður og lítil rétt. Þekktustu fornleifarnar á Laugafellsöræfum eru þó án efa tvö mannvirki sem munnmæli hafa verið um. Þetta eru annars vegar s.k. Þórunnarlaug og hins vegar Þórutóftir, en síðarnefndi staðurinn var viðfangsefni rannsókna í Laugafelli 2005.

Um Þórunnarlaug er fyrst getið í skýrslu Jóns Jónssonar prests í Grundarþingum í Eyjafirði til Hinnar konunglegu nefndar til viðarhalds fornaldarleifa árið 1817. Þar segir frá

Því að bændur á Möðruvöllum í Eyjafirði hafi haft í seli í fyrri tíð hjá Laugafelli sem sé sex eða sjö mílur frá byggð. Þar átti að hafa verið ágætis haglendi fyrrum en nú væri staðurinn auðn ein. Þó hafi fjallagrasafólk komið þar fyrir tilviljun og tekið eftir úthöggvinni uppsprettu af heitu vatni og ókennilegir stafir í kringum hana.¹ Nefndinni þótti þessi lýsing svo áhugaverð að hún skrifaði Stefáni Þórarinssyni amtmanni á Möðruvöllum í Hörgárdal ári síðar og bað hann að láta rannsaka laugina nánar, og sérílagi stafina sem óskað var eftir uppdrætti af. Stefán fékk Jón Þorláksson frá Skriðu í Hörgárdal, sem hafði lært teikningu í Kaupmannahöfn, til að leita uppi laugina sumarið 1819 og sendi nefndinni skýrslu um þá ferð



Grunnmynd Jóns Þorlákssonar af Þórunnarlaug 1819. 'A' er laugin sjálf, 'B' klöppin sem hún er höggvin úr, 'C' lækur með köldu vatni, 'D' klappir eða melar, 'E' er lækur með heitu vatni, 'F' Laugafellsá, 'G' sóðandi vatni undan klöpp, 'H' lítil heit laug, 'a' grunnt vatn í kringum laugina, 'b' ein grastorfurnar á svæðinu. Teikningin er greinilega ekki í samkvæmum mælikvarða – laugin er sýnd miklu stærri en annað.

þá um haustið. Jón hafði komið að lauginni fullri af foksandi og engin merki fann hann um stafi eða áletranir á laugarbarminum eða við hana. Hinsvegar taldi hann víst að laugin sjálf

¹ Frásögur um fornaldarleifar, 568.

væri mannaverk, úthöggvin úr mjúkum sandsteini. Jón gerði nákvæman uppdrátt af lauginni, bæði grunnmynd og þversnið og fylgdu þær skýrslunni.²

Sr. Einar Thorlacius á Saurbæ í Eyjafirði skráir ítarlegri sögn um Laugafell í sóknalýsingu sinni frá 1840 þegar hann segir frá hálendisvegum upp úr Eyjafirði: “Einn er enn vegur, þó að nú sé niðurlagður, fram úr Þormódsstaðadal í Sölvadal og suður undir Laugarfell. Þar hafði Þórunn ríka á Möðruvöllum um sumar sel (og hélt þar til með hyski sitt, eftir tradition, meðan Svartidaudi geisaði yfir).”³

Ekki fer sögum af öðrum vísindaferðum í Laugafell fyrr en Þorvaldur Thoroddsen kom þangað árið 1896. Hann lýsir lauginni og greinir frá munnmælunum um Þórunni á Grund sem eigi að hafa látið klappa laugarkerið í klöppina. Hann rekur þá sögn að Þórunn þessi hafi flutt sig upp að Laugahnúk í Svartadauða og sent við og við menn norður á fjöll, til þess að sjá hvernig liði í byggðinni; tveir þeirra hafi farið of langt og dáið. Hann bendir á að þessi sögn sé svipuð sögunni um Torfa í Klofa sem prentuð hafði verið í íslenskum þjóðsögum 1864,⁴ og að ekki getið þetta átt við Þórunni Jónsdóttur á Grund – án efa frægustu húsmóður á þeim bæ – sem hafi verið uppi á 16. öld. Þorvaldur sá að laugin var ekki manngerð, heldur náttúrleg smíð: “þar sem volga vatnið bullar upp um sprungu, hefir myndast aflöng kista eða trog úr sambakaðri möl.” Hann skoðaði einnig heitar uppsprettur niðri við Laugakvísl en minnst ekkert á Þórutóftir og kemur þó ein uppsprettan sem hann lýsir undan sama barði og tóftin er á.⁵ Ætla má að menn hafi þá ekki verið búnir að átta sig á tóftinni enda er hún heldur ógreinileg og ekki víst að hún hafi verið mikið greinilegi í lok 19. aldar.

Sagnir um fornleifar í Laugafelli virðast einkum hafa varðveist meðal Eyfirðinga og sérílagi eyfirskra gangnamanna en Laugafell hefur, síðustu tvær aldirnar að minnsta kosti, verið einn helsti áningarstaður þeirra í haustsmölun á hálendinu. Um Þórutóftir hefur fyrstur skrifað Angantýr H. Hjálmarsson á Torfufelli í Eyjafirði í örnefnalýsingu Laugafellsöræfa sem er ekki ársett en er að líkindum frá því eftir miðja 20. öld: “Fornar rústir á bakka Laugafellskvísjarinnar vitna ... um mannavistir þarna og eru alltaf kallaðar "Þórutóftir". Þar hafa fundist m.a. bein og aska, sem sanna einhverja búsetu á staðnum.” Angantýr segir svo frá sambærilegri sögu og Þorvaldur hafði heyrt í lok 19. aldar: “Samkvæmt munnmælum hafði Þórunn nokkuð af fólki með sér. ... Hún sendi öðru hvoru einn mann í einu til byggða til að

² Frásögur um fornaldarleifar, 582-85.

³ Sýslu og sóknalýsingar, 202.

⁴ Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri II, 135-37.

⁵ Þorvaldur Thoroddsen, Ferðabók IV, 46-47.

frétta af plágunni en hún bannaði þeim öllum að koma til baka, nema henni væri aflétt. Fyrsti maður sem hún sendi heim, kom ekki til baka. Trúlega hefur þann næsta ekki langað til byggða og verða plágunni að bráð, því hann kom samdægurs til baka og sagðist sjá pláguna. Hún lægi eins og móða yfir allri byggðinni og næði upp í miðjar hlíðar. Fleiri sendimenn komu til baka með sömu fréttir ... Að lokum kom einn maður til baka með þá frétt að plágunni væri aflétt og þá hefur Þórunn trúlega farið að búa sig til heimferðar.”⁶

Aðrar heimildir um fornleifar í Laugafelli munu allar byggja á þessum og ekki hafa sjálfstætt gildi. Þó ekki sé þessi heimildaförði mikill að vöxtum gefur hann þó ákveðna mynd af þróun hugmynda manna um Laugafellsminjar síðustu tvær aldirnar. Í byrjun 19. aldar er það Þórunnarlaug sem menn höfðu helst hugmyndir um. Hún átti að vera manngerð og sögusagnir voru um rúnaletur á barmi hennar. Þó að sú skýring tengdist ekki beint lauginni eða nafni hennar var talið að staðurinn tengdist Möðruvöllum í Eyjafirði og að bændur þar hefðu haft í seli í Laugafelli. Sú saga virðist vera í þeim flokki sagna sem þekktur er úr flestum landshlutum og fjallar um meiri byggð og meiri nýtingu inn til landsins í fornöld. Þemað í þeim sagnaflokki er hnignun landsins og efnahags þjóðarinnar. Rannsóknarferð Jóns Þorlákssonar í Laugafell 1819 hefur ef til vill slegið á hugmyndir manna um Þórunnarlaug – þó hann drægi svosem ekki í efa að hún væri manngerð – því ekki fær hún sérstakt hlutverk í yngri sögum þó eflaust hafi menn alltaf talið að í nafni hennar fælist að “Þórunn ríka” hefði gert hana eða notað. Þórunnar þessarar er fyrst getið í sóknalýsingu frá 1840 og er hún þar tengd við Möðruvelli, en í frásögn Þorvaldar Thoroddsen er hún orðin húsfreyja á Grund og hefur þar verið slegið saman við Þórunni Jónsdóttur, dóttur Jóns Arasonar. Sá böggull fylgdi því skammrifi að sú Þórunn var fædd um 1512, meir en hundrað árum eftir pláguna miklu í byrjun 15. aldar og um tuttugu árum eftir síðari pláguna. Sagan um flutning Þórunnar ríku í Laugafell í Svartadauða er augljóslega afbrigði af sömu sögu og sögð var um Torfa í Klofa, sem átti að hafa flúið með sitt fólk upp í Torfajökul meðan plágan seinni geisaði, og verður tæplega úr því greitt hvor sé eldri, þó sagan um Torfa hafi fengið meiri útbreiðslu eftir að hún rataði inn í þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar.

Engin Þórunn ríka er þekkt meðal húsfreyja á Möðruvöllum í Eyjafirði, og sannarlega ekki á meðan plágum 15. aldar stóð, þannig að ætla verður að sú skörungsskona sé tilbúinn eftir nafni Þórunnarlaugar. Þóru- og Þórunnarörnefni eru mýmörg og fleiri dæmi til um að þau hafi verið tengd kvenskörungum, bæði sögulegum og þjóðsögulegum. Sem dæmi mætti nefna Þórunnartóftir í Mikley í Mývatni en þar átti Þórunn ríka á Skútustöðum að hafa beðið

⁶ Angantýr H. Hjálmarsson: ‘Laugafellsöræfi.’ bls. 2.

af sér drepsótt en hún var uppi á seinni hluta 17. aldar.⁷ Sú Þórunn var sannarlega til en erfiðara að finna alvarlega drepsótt sem geisaði á hennar ævi og einsvíst að Þórunnartóftir í Mikley séu kenndar við einhverja aðra Þórunni, enda nafnið með algengustu kvenmannsnöfnum íslenskum á öllum tímabilum.



Þórutóftir fyrir uppgröft, horft í suður.


Það er að sönnu einkennilegt að ekki skuli vera sama nafnið í örnefnum tveimur í Laugafelli, Þóra og Þórunn, en þau eru nógu lík, og annað gæti auðveldlega verið afbökun eða stytting á hinu, til að það hefur ekkert vafist fyrir sagnamönnum að tengja Þórunni ríku við Þórutóftir. Þó að Þórutófta sé ekki getið í heimildum fyrr en á 20. öld þá virðist þetta misræmi helst benda til að örnefnið sé frumlegt. Ef það væri tilbúningur til að tengja leifarnar við söguna um Þórunni ríku hefði mátt búast við að þær hefðu verið kallaðar Þórunnartóftir.

⁷ *Lýsing Þingeyjarsýslu I*, 256.

Þórutóftir og nánasta umhverfi þeirra

Þórutóftir – sem ekki er þó nema ein tóft nú – eru um 300 m suðvestan við skálabyggingar í Laugafelli, á austurbakka Laugafellsskvíslar, norðan við þar sem kvíslin beygir til norðurs eftir að hafa runnið til vesturs um skeið. Sæluhúsin eru á gróðurtorfu en tóftin er ekki á henni heldur nyrst á annarri mun minni niðri við kvíslina.

Torfa þessi er lítil, um 24 x 12 m að stærð, aflöng frá austurs til vesturs en allhá. Norðan við er blásinn grjótmelur, næst sunnan við er mosagróinn flagmói en fjær sandur. Fast sunnan við torfuna er lítil uppsprettulind. Vestast á torfunni hefur verið komið fyrir flatrí og hárrí hellu upp á rönd til að merkja staðinn og hefur verið grafin lítil en alldjúp hola fyrir henni.



Þórutóftir og gróðurtorfan sem tóftin er á. Grænt strik sýnir sniðið sem hreinsað var.

Tóftin er nyrst á gróðurtorfunni og hefur nyrðri hluti hennar blásið í burtu. Af yfirborðsummerkjum að dæma er tóftin um 7 x 5,9 m að stærð, veggir eru 1,5 m á þykkt. Tóftin er einföld og mjög sigin og veggir hvergi hærri en 0,2 m.

Uppgröftur

Við upphaf rannsóknar sumarið 2005 var tóftin og nánasta umhverfi hennar mælt upp og gerður nákvæmur uppdráttur af torfunni. Við vettvangsrannsókn og samanburð við eldri gögn kom í ljós að lítið hefur brotnað af tóftinni á síðustu 10 árum og því kann henni ekki að vera búin eins mikil hætta vegna uppblásturs og í fyrstu var óttast.

Til að raska tóftinni eins lítið og mögulegt væri var norðurhlið torfunnar stungið niður og hreinsað fram 12,6 m langt snið sem snéri austur-vestur og náði út fyrir báða veggja tóftarinnar. Hreinsað var 50-90 sm niður fyrir grasrót og var dýpst farið niður á forsögulega gjóskulagið H3 undir botni tóftarinnar.

Gjósku frá 1477 var hægt að rekja eftir endilöngu sniðinu. Lagið var víðast 3-4 sm þykkt nema á einum stað fyrir miðju sniði þar sem það hafði safnast fyrir í litla dæld sem var um 25 sm í þvermál og mest um 12 sm djúp. Þessi dæld er innan í tóftinni en yngri en önnur vegsummerki sem ætla má að séu manngerð og ekkert sérstak sem bendir til að hún sé manngerð annað en það að hún er fremur regluleg. Undir gjóskunni frá 1477 er áfokslag (2) sem er ljósara en lagið sem var yfir – og gæti það bent til að uppblástur hafi verið hraðari áður en gjóskan féll en eftir, en fleiri dæmi eru um að þykk gjóskulög geti dregið úr uppblæstri. Þetta ljósara áfokslag leggst upp að torfhruni (3) sem skar sig ekki að öðru leyti frá áfokslögunum en því að það var greinilega hreyft og í því stuttar rendur sem litu út eins og gjóska en ekki náðist sýni sem sannar ótvírætt að svo sé. Undir þessu lagi var sandlinsa, um 5 sm þykk, sem hafði safnast í kverk myndaða af niðurgrefti sem sker þvert á greinilega gjóskulagasyrpu (mest lög úr landnámssyrpunni – sjá greinargerð um gjóskulagagreiningu) vestantil í sniðinu.

Allmikill munur er á sniðinu vestanmegin og austan. Vestantil eru flestar þær gjóskur sem vænta má á þessu svæði frá miðöldum, þar á meðal landnámssyrpan, með landnámslaginu sjálfu frá 871±2, og V~950, auk sennilega K-1262 og ef til vill H-1300. Þetta bendir til að á þessum stað hafi jarðvegsþykknun verið stöðug og órofin frá því fyrir landnám.




Sniðið. Horft til ASA.

Austanmegin í sniðinu var hinsvegar mjög skammt á milli V-1477 og annars svarts

gjóskulags (sem gæti verið úr landnámsyrpunni eða K-1262) sem liggur nánast beint ofan á harðpressuðum sandstabba sem aftur var ofan á H3. Ein skýring á þessu gæti verið að skilyrði til upphleðslu jarðvegs hafi verið betri vestantil en þar hallar landinu töluvert til vesturs (niður að ánni) og hefur ef til vill verið skjól þar sem bæði gjóskulög og fokmold náðu að setjast fyrir. Austanmegin er landið hinsvegar nánast flatt og þar gætu áfoksefni því hafa átt erfiðara uppdráttar að setjast fyrir. Sú skýring heldur þó ekki fyrir hvíltina á milli, að minnsta kosti ekki hvað varðar gjóskulögin, nema að skurðurinn (4) hafi verið tekinn eftir að K-1262 eða jafnvel H-1300 féllu. Önnur skýring gæti verið sú sem Magnús Á. Sigurgeirsson nefnir í greinargerð sinni um gjóskulagagreiningu (hér að aftan), en hann telur hugsanlegt að skurðurinn (4) sé náttúrulegt rof og að austan við það hafi jarðvegur fokið burt á einhverju stigi málsins en svæðið gróið aftur fyrir 1477.

Einu hugsanlegu mannaverkin sem sáust í sniðinu eru skurðurinn (4) og torfhrunið (3) og er hvorugt ótvírætt. Skurðurinn var að vísu mjög “hreinn” og afdráttarlaus en ekki er hægt að útiloka að náttúrulegt rof skilji eftir sig þannig ummerki. Meira hald er í torfhruninu en ekki náðust góðar ljósmyndir af því vegna glampanði sólskins sem var á meðan á uppgreftinum stóð. Í því voru greinilegar rendur sem erfitt er að skýra nema sem torf. Skurðurinn er líka á sennilegum stað, austanmegin í dálítilli bingu sem hefur myndað vesturvegg í tóftinni. Þar hefur verið stungið niður tæpt fet, ef til vill ekki til annars en að slétta botn í náttúrulegri hvílt, og uppmoksturinn settur upp á barminn. Eftir að mannvirkið




Staðsetning borkjarnasýna á gróðurtorfundi

var yfirgefið hefur hluti af því efni síðan skriðið niður aftur, en þó ekki fyrr en lag af sandi hafði sest í kverkina. Engin ummerki sást í sniðinu austanmegin í tóftinni sem gætu stutt þá túlkun að austurhlið þess væri manngerð.

Engin viðarkol, aska eða bein sást í sniðinu og heldur ekki í borkjörnum sem teknir voru með tveggja metra millibili á allri gróðurtorfunni, samtals 44 borkjarnar. Niðurstöður borkjarnarannsóknar voru skýrar og sýndu að engar mannvistarleifar er að finna á gróðurtorfunni utan við tóftina og lítil von um að aska, kol eða bein finnist inni í henni heldur. Aska sú og bein sem getið er í örnefnalýsingu að menn hafi tekið eftir – væntanlega um eða fyrir miðja 20. öld – hefur að líkindum verið norðan við sniðið sem skoðað var 2005, og er örvænt um að slík ummerki finnist í Þórutóftum framar.


Dýpt öskulags úr Veiðivötnum frá 1477



Teikningin sýnir dýpt öskulags úr Veiðivötnum frá 1477. Hæðarplanið er byggt á borkjarnasýnum og gefur hugmynd um hæðarlínur gróðurtorfunnar á 15. öld.

Þegar lokið var við að teikna upp snið og skrá og taka borkjarnasýni var jarðvegi mokað að sniðinu aftur og torf sett þar ofan á. Reynt var að tryggja að fyllt væri upp í rofið þannig að það kynni að draga úr uppblæstri fremur en hitt.

Eftir að gengið hafði verið frá tóftinni var gengið kerfisbundið um svæðið í Laugafelli, í leit að frekari mannvistarleifum. Í stuttu máli skilaði sú vettvangsganga neikvæðum niðurstöðum, þ.e. engar tóftir, hleðslur, öskulög eða aðrar leifar voru sjáanlegar á svæðinu.



Skýringar á sniðteikningu

[001] Grásrót og brúnleit fokmold niður að V-1477 gjósku

[002] Ljósbrún fokmold undir V-1477 gjósku

[003] Torf? Hreyfð mold með stuttum torfröndum. Sandlinsa er undir torfinu í skurði [004]

[004] Skurður

[005] Ljósbrún fokmold

[006] Harðpressaður sandur yfir H3. Milli hans og lags [002] er sandlinsa, e.t.v. blönduð gjósku

[007] Ljósbrún fokmold með jafnföllnum gjóskulögum

Niðurstöður

Engar ótvíræðar mannvistarleifar fundust við uppgröft í Þórutóftum 2005. Þar hafa hinsvegar áður fundist aska og kol og í sniði sáust ummerki sem gætu verið mannaverk – þó ekki megi þau minni vera. Þau ummerki koma heim og saman við að á þessum stað hafi verið náttúruleg dæld sem hafi verið stungið upp úr til að slétta botninn, ef til vill aðeins fyrir tjald. Af sniðinu að dæma hefur aðeins verið stungið öðru megin í dældinni og uppgröfturinn settur upp á barminn vestanmeginn.

Ekkert fannst sem bendir til samfelldrar mannvistar, ekki einu sinni árstíðabundinnar, heldur hefur þessi staður í mesta lagi verið notaður sem tjaldstæði, varla nema um næturskeið og ekki meir en nokkrum sinnum. Hinsvegar er hugsanlegt að tjaldað hafi verið á þessum stað öðru hvoru á löngu tímabili, en því hefur verið hætt fyrir 1477.

Þórutóftir eru því ekki sel og tæplega flóttamannabúðir frá pláguárum 15. aldar. Ummerkin þar koma betur heim og saman við að þarna hafi menn átt náttstað við og við á miðöldum, mögulega vegna grasatínslu eða ferðalaga landshluta á milli.

Heimildir

Angantýr H. Hjálmarsson: 'Laugafellsöræfi.' Örnefnastofnun Íslands.

Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983.

Jón Árnason: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* I-II, Leipzig 1862-64.

Lýsing Þingeyjarsýslu I. Suður Þingeyjarsýsla, Jón Sigurðsson frá Yztafelli skráði, Reykjavík 1954.

Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854, Akureyri 1972.

Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* I-IV, Reykjavík 1913-15.

Viðauki:

Pórutóftir við Laugafell, Laugafellsöræfum Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Fjallalind 123, 201 Kópavogur

Netföng: masig@mmedia.is/ms@gr.is

INNANGANGUR

Greining gjóskulaganna byggir á aðsendum gögnum, ljósmyndum, gjóskusýnum og sniðteikningu. Vettvangsathugun að hálfu höfundar hefur ekki farið fram. Stuðst er við fyrri rannsóknir við greiningu gjóskulaganna (s.s. Guðrún Larsen 1984, Magnús Á. Sigurgeirsson 1993; 2001, Sigurður Þórarinsson 1968).

Mikilvægustu gjóskulögin til aldursákvörðunar fornleifa á þessu svæði eru H-1766, V-1477 (einnig nefnt a-lagið), K-1262, H-1300, H-1104, V~950, Landnámslagið frá því um 870. Landnámslagið myndar ásamt 4-5 öðrum gjóskulögum gjóskulagasyrpu, svokallaða Landnámsyrpu (LNS), sem er áberandi og auðþekkt í sniðum á Norðurlandi. Jarðvegur á milli laganna og næst ofan LNS er áberandi dökkur og léttur í sér.

NIÐURSTÖÐUR

Af ljósmyndunum að dæma er LNS fremur skýr í vesturhluta sniðsins. Stutt ofan við hana er grágrænt gjóskulag sem gæti verið V~950. Talsvert ofar eru K-1262, sem svart þunnt lag, og V-1477, allþykkt dökkgrátt lag. Næst ofan meints K-1262 má sjá þunnt gráleitt lag sem gæti verið H-1300.

Átta gjóskusýni voru skoðuð í smásjá. Helstu niðurstöður þeirrar athugunar eru eftirfarandi:

- Sýni-1: Ljós móbrúnt gler, gjall ~40 %, sæmilega aðgreind (e. sorting) gjóska. Telja má víst að um gjóskulagið V-1477 sé að ræða.
- Sýni-2: Dökkbrúnt gler, gjall ~50 %, illa aðgreind. Nokkuð um lausa kristalla, bergbrot og hvít vikurkorn. Greinilega tilfokið efni. Uppruni óviss.
- Sýni-3: Ljós móbrúnt gler, gjall ~50 %, mjög illa aðgreind. Lítið um kristalla eða bergbrot. Dálítið um dökkbrún glerkorn. Gjóskulagið tilheyrir LNS.
- Sýni-4: Móbrúnt gler, gjall ~50 %, mjög illa aðgreind. Lítið um kristalla. Stöku vikurkorn í sýninu. Gjóskulagið tilheyrir LNS.
- Sýni-5: Ljós móbrúnt gler, gjall ~30 %, mjög fínkorna, mjög illa aðgreind. Nokkuð um lausa kristalla. Dálítið um dökkbrún glerkorn í sýninu. Mögulega V~950.
- Sýni-6: Ljós móbrúnt gler, gjall ~20 %, mjög fínkorna, illa aðgreind. Dálítið um dökkbrúnt gler. Uppruni óviss.

Sýni-7: Móbrúnt gler, gjall ~20 %, illa aðgreind. Talsvert um dökkbrúnt gler. Bergbrot, kristallar og vikurkorn til staðar. Nokkuð jarðvegsmengað sýni. Uppruni óviss.
Sýni-8: Móbrúnt gler, gjall < 20 %. Talsvert um dökkbrúnt gler, < 10%. Lítið um kristalla. Dálítið jarðvegsmengað sýni. Sennilega er um að ræða gjóskulagið K-1262.

Af ljósmyndum að dæma hefur upphleðsla jarðvegs í vesturhluta sniðsins verið samfelld frá því eftir landnám, þar sjást m.a. Landnámssyrpan (með nokkrum gjóskulögum) og V-1477. Nokkur gjóskulög eru einnig þarna á milli. Um 3,5 m austar breytist ásýnd sniðsins verulega. Þar er samkvæmt sniðteikningu niðurgröftur [004] og torf [003]. Þetta sést fremur illa á ljósmyndunum. Mér sýnist hins vegar að þarna geti verið gamalt rof, þ.e. að einhvern tímenn fyrir 1477 hafi landið blásið upp, rofabað myndast og jarðvegur síðan sest til aftur síðar. Spurningin er því hvort meintur niðurgröftur og torf sé í raun gamalt rofabað sem hefur fallið saman og gróið upp ?

Stutt er niður á gjóskulagið Heklu-3 (~ 3000 ára gamalt) í miðhluta sniðsins, sem gæti bent til að í sniðinu sé *hiatus* (tímaeyða). Í austur- og miðhluta sniðsins eru aðeins tvö dökk gjóskulög varðveitt af ljósmyndunum að dæma. Efra lagið er væntanlega V-1477 og um neðra lagið er lítið hægt að fullyrða án frekari athuguna, gæti þó verið K-1262.

HELSTU HEIMILDIR

- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22: 33-58.
Magnús Á. Sigurgeirsson 1993: Gjóskulög í innanverðum Eyjafjarðardal. Jarðfræðafélag Íslands, Vorráðstefna, dagskrá og ágríp, s. 41-42.
Magnús Á. Sigurgeirsson 2001: Fornleifarannsókn á Gásam í Eyjafirði. Gjóskulagagreining. Greinargerð 01/03, 3 s.
Sigurður Þórarinnsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.